

11. stjórnarfundur FFÁ

17. febrúar 2014 kl. 19.30 - 22.00

Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri, Einar Birgir Steinþórsson aðstoðarskólastjóri.

Frá FFÁ: Hörður, Sigurður, Íris, Brynhildur, Karl, Hólmfríður og Guðni

Fullrúi FFÁ í skólaráði: Selma

Punktar og umræðuefni:

1) Dægradvölin

Sigrún vissi ekki um slæma stöðu Dægradvalar í Álfhólsskóla fyrr en upplýsingar fóru að berast í gegnum frammistöðumatið, foreldrar kvörtuðu mikið. Margar ábendingar komu þaðan og skólinn gerði strax ráðstafanir. Nýr yfirmaður tók við í dag með stjórnun og utanumhald. Dægradvölin á að geta rúllað betur ef stjórnun er betur uppbyggð.

Sigrún situr í Dægradvalarnefnd Kópavogs þar sem er verið að skoða úrbætur og möguleika.

Bærinn þyrti að setja fram heildarstefnu fyrir Dægradvöl, sem vantar alveg núna.

Nýr forstöðumaður: Dómhildur Sigfúsdóttir kennari, fer og hittir Hildi í Salarskóla að skoða nýtt skipulag og sett var af stað í sept. ekkert heyrist um annað en vel gangi.

Að mati Sigrúnar liggur vandinn ekki í húsnæði, frekar í skipulaginu. Hægt að nota skólabygginguna betur, skipulagsatriði. Samskipti starfsmanna Dægradvalar og barna þarf einnig að bæta.

Eru að skoða fyrirkomulag í Snælandsskóla um samstarf í framtíðinni að danskrí fyrirmund (Dægradvölin komi inní skóladaginn frá morgni til loka skólans). Teymishópur að finna lausnir um framhaldið, Ingibjörg, Sigrún og Dómhildur Sigfúsdóttir eru fulltrúar í þeirri vinnu. Selma (skólaráði) býður sig fram við að skipuleggja fyrirkomulag Dægradvalar, búin að starfa sem sjálfboðaliði þar undanfarið. Áætlaðir 78 nýnemar í haust / spurning um að fjlölgja börnum í Dægradvöl úr 4. bekk.

Nýnemar úr leikskólam koma í Dægradvöl eftir sumarfrí í stað þess að fara í leikskólann aftur.

2) Hádegismatur

Nú er meira ávaxtaúrval en oft sama tegundin. Í Dígra er bara einn ávoxtur en 3 í Hjalla. Siggi matráður búinn að lofa meira úrvali í Dígra.

3) Húsnæðis- og löðarmál

30 milljónir settar í byggingamál, fundur með tæknideild bæjarins, Gunnar Már, Jón og Friðrik í tæknideild í næstu viku. Peningurinn ætlaður í viðgerðir og lagfæringar.

Flytja á handavinnustofur á sömu hæðina í Digró. Líklega þarf meira fé til að eitthvað gerist. Fyrsta áætlun liggur fljótegla fyrir.

4) Afmælishald nemenda

Skólinn bjóði möguleika með nýrri nálgun. Sigrún vill leita leiða, vandinn er talsverður og erfitt að eiga við, ýmsar hugmyndir komnar fram:

- engar gjafir
- margir sameinast um afmælishaldið
- skólinn opinn fyrir afmælishald í húsnæði skólans

5) Forvarna- og eineltisáætlanir

Aðgengilegt á netinu, bæði í Saman í sátt og víðar. Vantar meira upplýsingaflæði til foreldra um forvarnamál og stöðuna í eineltismálum sbr. foreldra- og eða fræðslufundi.

7) Kynningarefni fyrir erlenda foreldra

Nýbúaideild að vinna að ýmsum textum og skólinn vill gjarnan vinna með foreldrafélaginu ef þýða þarf efni til kynningar á hlutverkum skólaforeldra.

8) Samstarf bekkjarfulltrúa og umsjónakennara

Fá kennara og foreldra/bekkjarfulltrúa til að starfa betur saman. Kynna betur í haust hlutverk og möguleika til að hafa meira samráð.

9) Vorstarf og skóladagatal 2014-2015

Skóladagatal á vinnslustigi (samræmt við alla skóla Kópavogs) skipulagsdagar breytast, verða ekki alltaf á sömu dögum vikunnar.

Lengri vorskóli en áður, FFÁ kemur að foreldrakynningunni.

Skólastuning tekin upp í haust stað skólaboðunnar, foreldrar geta pantað viðtal í gegnum Mentor að auki.

Gæði á skólavörum þurfa að vera betri sem FFÁ býður foreldrum 1. bekkjar.

Vorhátið, Sigrún ætlað að fá Pollapönk eða sambærilegt atriði frá skólanum. FFÁ leggur til grillpulsur og skipuleggur það með nemendum.

10) Frammistöðumat - hvað svo ?

FFÁ leggur áherslu á að foreldrum bjóðist fleiri tækifæri til að kynna sér skólastarfið, opnir fundir, kynningar á sal á haustinn, t.d. þar sem aðrir kennarar en umsjónakennarar nemenda séu aðgengilegir í opinni kynningu.

11) Heilsueflandi grunnskóli ?

Einar Birgir segir verkefnið á áætlun, tekur tíma að setja í gang. FFÁ þarf að finna 2 fulltrúa foreldra til að taka þátt í verkefninu í vor, fara yfir gátlista og fl.

12) Skólastarfið almennt

Vel gengur að koma á nýju matskerfi skólans, ytra og innra mat og ýmis teymisvinna ss. jafnréttisteymi, upplýsinga- og tækniteymi sem bæta á innra starf skólans.

13) Alþjóðadagur

FFÁ vinnur að undirbúningi alþjóðadags skólans og skólinn leggur áherslu á að vel takist til en dagurinn verið smá saman fastur liðu í skólastarfinu.

14) Samstarf heimila og skóla

Skólinn vinnur að kynningaráætlun og send verði út á hverju hausti um áherslur samstarfs við heimilin. Þar geti FFÁ komið með sýnar kynningar og tengingar við starfið.

15) Skólamótunardagur

Dagurinn verður haldinn 8. maí í ár og nú verður lögð áhersla á að sem flestir foreldrar sýni verkefninu áhuga og mæti vel á viðburðinn.